

Stolt Sea Farm
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

Reykjavík, 10. desember 2020
UST202003-210/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.11.2020, hjá Stolt Sea Farm

Þann 9. nóvember og 17. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Stolt Sea Farm, Reykjanesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC eða COD) í frárennsli á a.m.k. þriggja ára fresti. TOC og svifagnir voru mæld í frárennsli 2016 en ekki 2019. TOC og svifagnir var mælt í frárennsli í febrúar 2020. **Frávikinu telst því lokið.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænu bókhaldi 2019 var skilað fyrir 1. maí sl. en uppfyllti ekki kröfur um ársyfirlit. Viðbótarupplýsingum var skilað í tölvupósti 14. sept sl. og í útstreymisbókhaldi. Mæliniðurstöðum úr frárennslissýnum 2019 var skilað 9. des sl. **Frávikinu telst því lokið.**
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi skal skila árlega fyrir 1. maí vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhaldi 2019 var skilað 14. september sl. **Frávikinu telst því lokið.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávik hefur verið skilað. Öllum þremur frávikunum telst því lokið og engra frekari úrbóta er krafist.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur